

FUNDARBOÐ

212. fundur Sveitarstjórnar Borgarbyggðar verður haldinn í Hjálmakletti, 11. mars 2021 og hefst kl. 15:00

Dagskrá:

Almenn mál - skýrslur

1. 2102062 - Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri flytur skýrslu sveitarstjóra.

Almenn mál

2. 1210076 - Samþykkt um búfjárhald

Á 204. fundi sveitarstjórnar sem haldinn var 8. október 2020 var búfjársamþykktum með áorðnum breytingum vísað til síðari umræðu á sveitarstjórnarfundum.

3. 1805135 - Lögreglusamþykkt fyrir Vesturland - tillaga

Á 204. fundi sveitarstjórnar sem haldinn var 8. október 2020 samþykkti sveitarstjórn að fresta afgreiðslu lögreglusamþykktu, en á 538. fundi byggðarráðs lagði byggðarráð til við sveitarstjórn að samþykkja framlagða lögreglusamþykkt fyrir Vesturland.

4. 2102099 - Afsláttur af lóða- og gatnagerðargjöldum - beiðni um framlengingu

Afgreiðsla 555. fundar byggðarráðs Borgarbyggðar: "Afsláttur af lóða- og gatnagerðargjöldum féll úr gildi við lok árs 2020. Byggðarráð leggur til við sveitarstjórn að veittur sé 50% afsláttur af gatnagerðargjöldum og 100% afsláttur af lóðagjöldum vegna íbúðar- og atvinnuhúsalóða. Afslátturinn gildir til loka árs 2021. Davíð Sigurðsson vísar af fundi undir þessum lið."

5. 2102078 - Lyngbrekka - samningar um leigu og styrk

Afgreiðsla 553. fundar byggðarráðs: "Byggðarráð samþykkir tillögu sveitarstjóra um að veita Leikdeild umf. Skallagríms sambærilegan styrk og rekstraraðila Þverárréttar árin 2020 og 2021, þannig að styrkur Borgarbyggðar til Leikdeildar umf. Skallagríms hækkar um kr. 150.000,- hvort ár. Enn fremur samþykkir byggðarráð að framlengja leigusamning við Leikdeild Skallagríms vegna félagsheimilisins Lyngbrekku til 31. desember 2022. Byggðarráð felur sveitarstjóra að kanna kostnað við að setja upp varmadælu við félagsheimilið."

6. 2011021 - Útboð vegna reksturs tjaldsvæða 2020

Afgreiðsla 554. fundar byggðarráðs: "Byggðarráð samþykkir að taka tilboði Landamerkis ehf. um rekstur tjaldsvæða í Borgarnesi 2021-2022 og á Varmalandi 2021-2024. Fyrirtækið átti hæsta tilboðið í reksturinn, auk þess sem fyrirtækið uppfyllir þær kröfur sem settar voru fram í verðfyrirspurnargögnum. Með töku tilboðs er kominn á bindandi samningur á grundvelli verðfyrirspurnarinnar. Vísað til sveitarstjórnar til endanlegrar staðfestingar."

7. 2005025 - Tæming rotþróa Útboð 2020

Afgreiðsla 553. fundar byggðarráðs: "Byggðarráð leggur til við sveitarstjórn að samþykkja tillögu starfsmanns um að velja tilboð lægstbjóðanda, Hreinsitækni um tæmingu rotþróa í Borgarbyggð og felur sveitarstjóra að undirrita samning við lægstbjóðanda f.h. Borgarbyggðar."

8. 2102121 - Rekstrarleyfi - nýjar verklagsreglur

Afgreiðsla 554. fundar byggðarráðs: "Byggðarráð leggur til við sveitarstjórn að samþykkja framlagðar verklagsreglur og reglur um veitingu rekstrarleyfa á stjórnarsýslu- og þjónustusviði."

9. 2103002 - Samstarfssamningur 2021

Afgreiðsla 555. fundar byggðarráðs: "Byggðarráð felur sveitarstjóra að undirbúa viðauka vegna styrks til Kvikmyndafjelags Borgarfjarðar í samræmi við samstarfssamninginn. Byggðarráð leggur til við sveitarstjórn að samþykkja samstarfssamning við Kvikmyndafjelag Borgarfjarðar fyrir árið 2021 og viðauka við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins 2021."

10 2102077 - Viðauki við fjárhagsáætlun 2021

.

Afgreiðsla 555. fundar byggðarráðs: "Byggðarráð leggur til við sveitarstjórn að samþykkja framlagðan viðauka nr. 1 við fjárhagsáætlun 2021."

11 2101001 - Tilboð í innheimtuþjónustu fyrir Borgarbyggð

.

Afgreiðsla 555. fundar byggðarráðs: "Byggðarráð leggur til við sveitarstjórn að samþykkja samning við Motus um innheimtuþjónustu fyrir sveitarfélagið og fela sveitarstjóra að undirrita samninginn fyrir hönd Borgarbyggðar."

12 2102135 - Laugarhóll 2 L133896 - Stofnun lóðar - Laugarhóll 4

.

Afgreiðsla 22. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja stofnun lóðarinnar Laugarhóll 4 úr landinu Laugarhóll 2 ásamt heimild til að flytja matshluta 03 yfir á nýstofnaða lóð."

13 2102161 - Hamraendar lóð F2274185 - umsókn um nafnabreytingu_Þverbrekka

.

Afgreiðsla 22. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja nafnabreytingu á lóðinni Hamraendar lóð L198400 í Þverbrekka."

14 2101089 - Hreðavatn 1 lnr.134789 - Umsókn um byggingarleyfi, viðbygging

.

Afgreiðsla skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að grenndarkynna byggingarleyfið fyrir aðliggjandi sumarhúsaeygendum samkv. 44.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Leggur nefndin til að grenndarkynnt verði fyrir eigendum allra bústaða sem eignaskiptayfirlýsing nær yfir og að auki Hreðavatnsland Stóri Múli, Hreðavatnsland L134778, L173088 og L134806."

15 2102061 - Birkihlíð 6-8 - Breyting - DSK

.

Afgreiðsla 22. fundar skipulags - og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að grenndarkynnt verði breyting á deiliskipulagi í samræmi við 44.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir eigendum í Grenihlíð 1, 3, 5, Varmaland Hótel og Laugaland 1b."

16 2101006 - Stóri-Ás L134513 - Deiliskipulag

.

Afgreiðsla 22. fundar skipulags - og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja lýsingu til auglýsingar fyrir Stóra-Ás í samræmi við 3.mgr. 40.gr. skipulagslaga nr. 123/2010."

Fundargerðir til kynningar

17 2102009F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 553

.

18 2102014F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 554

.

19 2103001F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 555

.

20 2102011F - Fræðslunefnd Borgarbyggðar - 196

.

21 2102010F - Velferðarnefnd Borgarbyggðar - 112

.

22 2102016F - Velferðarnefnd Borgarbyggðar - 113

.

23 2103004F - Skipulags- og byggingarnefnd Borgarbyggðar - 22

.

24 2102007F - Umhverfis- og landbúnaðarnefnd - 21

.

25 2102013F - Atvinnu - markaðs - og menningarmálanefnd - 22

.

09.03.2021
Þórdís Sif Sigurðardóttir, sveitarstjóri.